

Múlaping  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 22. janúar 2025  
UST202402-118/F.T.  
08.14.02

## Efni: Eftirlit 2024 - Múlaping Tjarnarland

Umhverfis- og orkustofnun vísar í úrbótaáætlun Múlapings fyrir urðunarstaðinn á Tjarnarlandi frá 27. nóvember þar sem ávörpuð eru tvö frávik sem skráð voru í eftirlitum Umhverfisstofnunar á á Tjarnarlandi árin 2023 og 2024. Þar að auki vísar stofnunin í fyrirspurn frá 21.10.2024 um starfsleyfi.

### Frávik úr eftirliti 2024 – umfang urðunar

Annað frávikið var skráð í eftirliti ársins 2024:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 2.500 tonn af úrgangi á ári (hámark 10 t á sólahring). Árið 2023 voru urðuð alls 2.536 t af úrgangi að Tjarnarlandi, eða um 1,44% umfram heimild í starfsleyfi.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að gripið hafi verið til aðgerða til þess að sporna gegn því að frávik sem þessi endurtaki sig. Úrgangsskráningar og eftirlit með úrgangi hafi verið bætt sem og að reynt hafi verið að finna ákveðnum úrgangsflokkum annan farveg. Umhverfis- og orkustofnun fellst á framangreint en mun taka út úrbætur í næsta eftirliti.

### Frávik úr eftirliti 2023 – dekkjakurl

Hitt frávikið var skráð í eftirliti ársins 2023 og er eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Sekkir með dekkjakurlu voru tiltæk á urðunarstað við eftirlit. Samkvæmt rekstraraðila, stóð til að urða dekkjarkurlin. Óheimilt er að urða dekkjarkurl á urðunarstað Tjarnarlands.

Í úrbótaáætlun kemur það fram að rekstraraðili hafi verið í sambandi við ýmsa aðila varðandi ráðstöfun gúmmíkurlisins og að þau samtöl hafi leitt í ljós að efnið virðist einna helst vera urðað eða nýtt í öðrum tilgangi á urðunarstöðum. Dekkjakurl hefur að öllum líkindum farið inn á urðunarstaði áður fyrr en slík urðun er samt sem áður óheimil, sbr. bréf stofnunarinnar frá 24.

október sl. Stofnunin vill benda á í þessu samhengi að urðunarstaðurinn við Tjarnarland er almennur urðunarstaður sem nýtir botn og hliðar úr náttúrulegum jarðlögum. Engin hreinsun fer fram á sigvatni urðunarstaðarins og er gengið út frá að þynning eigi sér stað á sigvatni í fráveituskurði milli urðunarstaðar og Lagarfljóts sem er viðtaki. Að gefnu tilefni má einnig benda á að með samþykkt á fyrstu vatnaáætlun Íslands fyrir árin 2022-2027 er þess að vænta innan tíðar að kröfur um vöktun í vatn verði uppfærðar og vinna er hafin við endurskoðun vöktunaráætlana, m.a. vegna starfsemi urðunarstaða.

Í úrbótaáætlun er óskað eftir afstöðu Umhverfis- og orkustofnunar til notkunar á gúmmíkurlí sem fyllingu á urðunarstað. Fylling er skilgreind í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs á eftirfarandi hátt:

*Fylling:* sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á graftarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni, henta í áður nefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er nauðsynlegt til að ná þessum tilgangi.

Rekstraraðili vísar máli sínu til stuðnings til leiðbeininga Eurostat um túlkun hugtaksins fylling. Í leiðbeiningunum kemur m.a. fram að úrgangur verði að henta í þá notkun sem um ræðir, þ.e. að úrgangurinn verði að samræmast nauðsynlegum eiginleikum fyrir notkunina.

Dekkjarkurl telst ekki sem spilliefni sbr. rgl. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, en engu að síður er um virkan úrgang að ræða. Dekkjarkurl getur haft óæskileg umhverfisáhrif á nærumhverfi og ætti ekki að urða slíkt efni á urðunarstöðum, sérstaklega á þeim stöðum þar sem mengunarvarnir eru takmarkaðar. Dekkjarkurl getur fangað metangas og aukið á óstöðugleika urðunarstaðar sem getur aukið áhættu á að mengun berist í yfirborðs- eða grunnvatn. Dekkjarkurl geta innihaldið ýmis skaðleg efni, oft þungmálma (blý, zink, kadmíum) og olíu sem inniheldur fjölrhinga arómatísk vetniskolefni (PAH) sem eru þrávirk, sem og önnur skaðleg efni.

Stofnunin bendir á grein 4.5 í starfsleyfi, þar sem segir að urðunarhólf skuli eftir fyllingu hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m. þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt. Í greininni er tiltekið að urðunarhólf séu hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni. Stofnunin getur ekki fallist á að gúmmíkurl sé sambærilegt efni og jarðvegur. Þar að auki er um mengandi efni að ræða, sjá umfjöllun hér að ofan.

Umhverfis- og orkustofnun telur notkun á gúmmíkurlí sem yfirborðslag á urðunarstað ekki samræmast lögum, reglugerðum né starfsleyfi. Úrgangurinn er ekki hentugur, sbr. skilgreiningu á hugtakinu fylling, þar sem ekki er um að ræða jarðveg (eða sambærilegt efni), um er að ræða virkan úrgang og kurlið er líklegt til að auka mengun á svæðinu. Úrgangurinn sem er notaður má ekki menga, auka mengun á, í eða við fyllingarsvæðið. Þar að auki skal notkun efnis í fyllingar ekki vera leið til þess að losa sig við úrgang en þá er um urðun að ræða. Fyllingar eru ekki ætlaðar sem förgunarleið fyrir úrgang og óheimilt er að farga úrgangi í

yllingar. Ljóst er að fyrirhugað var að urða úrganginn á urðunarstaðnum og þar með losa sig við hann. Sömuleiðis er ekki um endurnýtingaraðgerð að ræða þegar móttakandi fær greitt fyrir móttöku úrgangsins, þar sem eigandinn er að losa sig við úrganginn.

### Fyrirspurn um starfsleyfi

Þann 21.10.2024 barst stofnuninni fyrirspurn varðandi veitingu starfsleyfis fyrir fyllingar (endurnýting úrgangs). Í erindinu óskaði rekstraraðili eftir upplýsingum um hvernig færi með starfsleyfisskylda endurnýtingu úrgangs hjá einni stofnun (HAUST) innan svæðis sem er með starfsleyfi frá annarri stofnun (Tjarnarland hjá Umhverfis- og orkustofnun). Spurt var hvort rekstraraðili gæti fengið starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd fyrir endurnýtingu úrgangs innan urðunarstaðarins á Tjarnarlandi.

Eins og hér að ofan kemur fram telur Umhverfis- og orkustofnun ekki heimilt að nota dekkjakurl í fyllingu á urðunarstað. Að því sögðu þá er það heilbrigðisnefnd sem gefur út starfsleyfi fyrir endurnýtingu úrgangs, líka fyrir þá staði sem þegar hafa starfsleyfi frá Umhverfis- orkustofnun. Það er þó mat Umhverfis- og orkustofnunar að slíkt leyfi væri ósamrýmanlegt starfsleyfi urðunarstaðarins.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius  
***lögfræðingur***

Halla Margrét Viðarsdóttir  
***sérfræðingur***